

Númer: 56/2018

Dreifibréf til stjórnvalda og tiltekinna stofnana

Reykjavík, 12. nóvember 2018

Tilvísun: 2018110020

Efni: Dreifibréf um skyldur stjórnvalda vegna meðhöndlunar á innherjaupplýsingum.

Með bréfi þessu vill Fjármálaeftirlitið ítreka mikilvægi þess að stjórnvöld gæti að meðhöndlun mögulegra innherjaupplýsinga og að þau kynni sér gildandi lög og reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Dreifibréf um sama efni hefur áður verið sent ráðuneytum og völdum stofnunum, nánar tiltekið í júní 2013.

Gildandi lög og reglur

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (vvl.) ber stjórnvöldum sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni að fylgja reglum nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, eftir því sem við á. Hugtakið innherjaupplýsingar er skilgreint í 120. gr. vvl. og 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Fjármálaeftirlitið hefur sett leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2012 um framkvæmd reglna nr. 1050/2012.

Meðhöndlun innherjaupplýsinga í stjórnsýslunni

Eðli og umfang í starfsemi hverrar stjórnsýslueiningar hefur áhrif á hvaða skyldur eiga við samkvæmt fyrrgreindum laga- og regluákvæðum. Seðlabanki Íslands hefur hlutverki að gegna ásamt Fjármálaráðuneytinu vegna útgáfu ríkissjóðs á skuldabréfum og Íbúðaláanasjóður er útgefandi íbúðabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Gilda ákvæði laga um verðbréfaviðskipti og reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja um þessa aðila líkt og um aðra útgefendur. Í öðrum tilvikum en að framan greinir skulu stjórnvöld fylgja reglunum eftir því sem við getur átt. Með því er annars vegar átt við stjórnvöld sem fá reglulega innherjaupplýsingar afhentar frá útgefendum í krafti eftirlits- eða rannsóknarheimilda. Hins vegar er átt við stjórnvöld þar sem innherjaupplýsingar verða til í starfseminni, til að mynda vegna vinnu við lagafrumvörp, vaxtaákvarðanir (Seðlabanki Íslands), útgáfu verðbólgtalna (Hagstofa Íslands) og stjórnvaldsákvarðanir eftirlits- og skattayfirvalda.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því að meta hvort eðli og umfang starfsemi þeirra gefi tilefni til þess að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja skuli fylgt. Ef stjórnvald fær afhentar eða meðhöndlar innherjaupplýsingar reglulega í starfsemi sinni ber því að tilnefna regluvörð sem hefur umsjón með að fyrrgreindum reglum sé framfylgt. Í þeim tilvikum þegar stjórnvöld fá ekki innherjaupplýsingar reglulega og slíkar upplýsingar verða heldur ekki til reglulega í starfseminni, en slíkt gerist endrum og eins, ættu þau að gæta ítrrustu varúðar með hliðsjón af ákvæðum reglna

nr. 1050/2012 sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2012. Sérstaklega er mikilvægt að gæta að varfærinni meðferð innherjaupplýsinga og halda lista yfir þá aðila sem fá aðgang að umræddum innherjaupplýsingum.

Regluvörður stjórnvalds

Fjallað er um hlutverk regluvarða í 6. gr. reglna nr. 1050/2012, en þar kemur fram að regluverðir skuli meðal annars veita álit á eðli upplýsinga, m.t.t. skilgreiningar á hugtakinu innherjaupplýsingar, hafa yfirsýn yfir meðferð innherjaupplýsinga, sinna verkefnum tengdum innherjalistum, hafa umsjón með samskiptaskrá og sjá um fræðslu til starfsmanna. Fjármálaeftirlitið leggur því áherslu á mikilvægi þess að regluverðir séu vel að sér um reglur sem gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og leiðbeinandi tilmæli þar um. Í fræðsluhlutverki regluvarðar felst m.a. að upplýsa starfsmenn um þýðingu þess að búa yfir innherjaupplýsingum og afleiðingar þess að eiga viðskipti á meðan þeir búa yfir slíkum upplýsingum. Fjármálaeftirlitið telur enn fremur mikilvægt að regluvörður stjórnvalds sjái til þess að til staðar séu viðeigandi og fullnægjandi verkferlar, s.s. um mat á upplýsingum m.t.t. þess hvort þær falli undir hugtakið innherjaupplýsingar, gerð innherjalista, varfærna meðferð innherjaupplýsinga og tilkynningar um hugsanleg brot til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að einn regluvörður sé tilnefndur fyrir hverja þá stjórnsýslueiningu sem fellur undir gildissvið reglnanna. Stafar það af því að ríkar kröfur eru gerðar til regluvarða um að þeir hafi góða yfirsýn yfir innherjaupplýsingar sem eru í umferð innan viðkomandi stjórnvalds og hafi ríkar aðgangsheimildir til að geta sinnt störfum sínum á tilhlyðilegan hátt.

Í þeim tilvikum sem stjórnvald fær afhentar innherjaupplýsingar frá útgefendum á skipulegum verðbréfamarkaði í krafti eftirlits- eða rannsóknarheimildar í lögum, ber viðkomandi útgefanda að upplýsa stjórnvaldið um eðli upplýsinganna og skrá það á lista yfir tímabundna innherja. Hafi stjórnvald ekki verið upplýst um framangreint, en telur engu að síður vafa leika á um hvort tilteknar upplýsingar teljist innherjaupplýsingar, er það góð framkvæmd að óska staðfestingar útgefanda á því. Útgefanda ber ekki skylda til að nafngreina þá starfsmenn stjórnvalds sem fá aðgang að innherjaupplýsingum, heldur skráir hann stjórnvaldið í heild sinni, eða einingu innan þess, á lista yfir tímabundna innherja. Ef viðkomandi stjórnvald fær slikein innherjaupplýsingar reglulega, ber því að fara að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, líkt og áður hefur komið fram. Fjármálaeftirlitið gerir þá kröfu að stjórnvöld haldi lista í slíkum tilvikum yfir þá starfsmenn sem fá aðgang að innherjaupplýsingum. Regluvörður hefur það hlutverk að viðhalda innherjalistum og uppfæra þá eftir því sem innherjaupplýsingum er miðlað. Fjármálaeftirlitið gerir ekki kröfu um að stjórnvöld standi skil á þeim til Fjármálaeftirlitsins, en hefur heimild til að kalla eftir listum yfir tímabundna innherja stjórnvalds á hverjum tíma. Líkt og útgefendum er gert að varðveita innherjalista sína, ber stjórnvöldum að varðveita innherjalista í sjö ár frá gerð þeirra. Regluvörður þarf einnig að hafa yfirsýn yfir varfærna meðferð innherjaupplýsinga þegar þær eru til staðar, hafa umsjón með fræðslu til starfsmanna um inntak löggjafar á þessu sviði og afleiðingar brota sem og að halda samskiptaskrá um verkefni hans á grundvelli reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Fjármálaeftirlitið veitir frekari leiðbeiningar til stjórnvalda vegna reglnanna ef óskað er.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Friðriksson
Páll Friðriksson

Inga Dröfn Benediktsd.
Inga Dröfn Benediktsdóttir